

Tálknafjarðarhreppur
Árman Halldórsson,
byggingarfulltrúi og forstöðumaður tæknideildar
Miðtúni 1
460 Tálknafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. febrúar 2013
Tilvísun: UST20121200048/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 „afmörkun vatnsverndar, jarðborun og reiðleiðir í Tálknafirði“.

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa og forstöðumanns tæknideildar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps er barst 11. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 felur í sér breytingar í 6 liðum:

- a) Breyting á köflum um iðnaðarsvæði þar sem um er að ræða breytingar vegna fyrirhugaðar heitavatsborholu í Sveinseyrarhlíð, stækkun iðnaðarsvæða 12 (Gámavöllur) og 13 innan þéttbýlisins 0,1 ha hvort svæði, ný iðnaðarsvæði í Sveinseyrarhlíð fyrir litlar fóðustöðvar fyrir laxeldi, stærðir 2000 – 4000 m², og nýtt iðnaðarsvæði fyrir geymslusvæði innan þéttbýlisins. Einnig er sett in skilgreining fyrir iðnaðarsvæði þar sem núverandi borhola er staðsett.
- b) Afmörkun nýs vatnsverndarsvæðis í landi Sveinseyrar
- c) Færsla á frístundabyggðasvæði F2 samfara afmörkun vatnsverndarsvæðis í landi Sveinseyrar
- d) Skilgreint opið svæði til sérstakra nota í landi Sveinseyrar.
- e) Hitaveitulögn sem lögð verður frá borholu til þéttbýlisins í Tálknafirði.
- f) Sett inn umfjöllun um reiðleiðir í aðalskipulagið sem er viðbót Um er að ræða eina reiðleið frá Gilsá að hesthúsasvæði á Tálknafirði. Sett er inn skilgreining á núverandi borholu í Sveinseyrarhlíð til samræmis við núverandi ástand.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi

Tálknafjarðar

Heitavatnsborhola og hitaveitulögn frá borholu í þéttbýli

Áætlað er byggja upp borteig í Sveinseyrarhlíð neðan Þjóðvegur. Borteigur vegna borholu er 600 m². Í umhverfisskýrslu segir: „*Borun eftir heitu vatni mun hafa áhrif á ásýnd svæðisins þar sem um er að ræða 15x40m stóran borteig sem liggja mun frá vegi niður á bakkabrúnir sem mun skera sig úr umhverfinu og þar með talið hafa áhrif á landslag svæðisins.*“ Umhverfisstofnun bendir á að mestu máli skiptir að við ofangreindar framkvæmdir verði viðhöfð vönduð vinnubrögð, framkvæmdir aðalagaðar að landi og frágangur vandaður.

Frá borholu verður lögð hitaveitulögn að þéttbýlinu í Tálknafirði. Umhverfisstofnun tekur undir að umhverfisáhrif vegna hitavatnslagnar meðfram vegi við hlið eldri lagnar muni ekki valda miklu raski þar sem svæðið er þegar raskað vegna lagningar vegar og hitalagnar.

Í fyrri umsögnum Umhverfisstofnunar vegna sama svæðis hefur stofnunin bent á að frágangur við eldri hitaveitulagnir er slæmur og ítrekar að mikilvægt er að bæta úr því samfara lagningu nýrrar lagnar

Mikilvægt er að vegur að borholu verði aðlagður að landi. Að mati stofnunarinnar er það því undir vinnubrögðum við framkvæmdir komið hvort framkvæmdir muni hafa óveruleg áhrif eins og fram kemur í umhverfisskýrslu eða hvort umhverfisáhrif verði veruleg. Umhverfisstofnun telur því að beina eigi þeim tilmælum til framkvæmdaraðila að raski við framkvæmdina verði haldið í algjöru lámarki.

Gróðurfar og náttúruminjar

Framkvæmdarsvæði vegna hitavatnsholu er ekki innan svæðis á náttúruminjaskrá. Samkvæmt greinagerð er landslag aflíðandi graslendi og heitavatnsborholan er staðsett á bakka neðan Þjóðvegur. Suður af holunni er 15 m hár sjávarbakki. Gróðurfar einkennist af graslendi en ofan vegar eru móar og mýrardrög. Þá segir að áhrif á gróður verði takmörkuð við borteiginn, en um er að ræða raskað graslendi sem er einkennandi fyrir svæðið og ekki er vitað um neinar plöntur á valista innan framkvæmdarsvæðis. Umhverfisstofnun leggur mikla áherslu á að frágangur við heitavatnsborholu verði vandaður.

Fóðurstöðvar

Eins og kemur fram hér að framan felur tillaga að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006 – 2018 í sér ný iðnaðarsvæði í Sveinseyrarhlíð fyrir litlar fóðurstöðvar fyrir laxeldi. Stærðir lóðanna eru 2000 – 4000 m² eða 0,2 – 0,4 ha. Að mati Umhverfisstofnunar felast umhverfisáhrif áætlaðra fóðurstöðva aðallega í umgengni um lóðir þeirra og mögulegri lyktarmengun. Þrátt fyrir að fóðurstöðvar fyrir fiskeldi eru áætlaðar fjarri íbúðabyggð, þá bendir stofnunin á að þær liggja milli Þjóðvegur og sjávar, því getur lyktar- og sjónmengun verið áberandi hvað vegfarendur varðar. Meðhöndlun fiskeldisfóðurs getur haft lyktar- og sjónmengun í för með sér ef illa tekst til. Að mati Umhverfisstofnunar er lykilatriði varðandi möguleg umhverfisáhrif af lóðum fóðurstöðvanna að vel sé gengið um hráefni og snyrtimennska sýnd. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að taka að einhverju leyti á slíku í deiliskipulagi.

Vatnafar

Í umfjöllun um áhrif ofangreindra framkvæmda á vatnafar er listi yfir viðmið sem farið er eftir. Umhverfisstofnun bendir á að á þann lista má bæta við eftirfarandi: Lög nr. 36/2011 um stjórnun vatnamála og lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga.

Í umfjöllun um vatnafar er umfjöllun um áhrif fiskeldis á svæðinu á lífríki í firðinum. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er verið að fjalla um fiskeldi í Tálknafirði í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006 – 2018, í breytingartillögunni er verið m.a. að fjalla m.a. um staðsetningu fódurstöðva. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að taka út þennan kafla um fiskeldi.

Að mati Umhverfisstofnunar skortir umfjöllun um áhrif fódurstöðvanna þriggja á vatnafar. Í umhverfisskýrslu er ekki umfjöllun um frárennsli frá fódurstöðvum, hvorki hvernig frárennsli muni verða háttað né hvernig vatnsnotkun fódurstöðva verði háttað.

Niðurstaða mats

Í niðurstöðu mats er tafla sem sýnir samantekt á áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar á einstaka umhverfispætti. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að sýna að sjónræn áhrif geta verið frá 0 til -1 og er það háð frágangi á framkvæmdasvæðum, hvort neikvæð sjónræn áhrif verða af framkvæmdunum. Ef frágangur á nýrri borholu verður svipaður og er á eldri holu sjá mynd á bls. 13, þá eru neikvæð sjónræn áhrif af borholu. Margir áberandi litir og draslaraleg umgengni hafa þau áhrif. Ef vel verður gegnið frá heitavatnslögn við hlið vegar frá borholu að sundlaugarsvæði þá verða áhrif óveruleg. Ef illa er gengið frá lögninni og eldri lögn ekki fjarlægð eða gerð snyrtilegri þá eru áfram neikvæð sjónræn áhrif af lögninni. Einnig er það undir umgengni komið hvort lóðir fódurstöðva hafi neikvæð sjónræn áhrif eða ekki.

Niðurstaða

Í fyrri umsögnum Umhverfisstofnunar vegna sama svæðis hefur stofnunin bent á að frágangur við eldri hitaveitulagnir væri slæmur og ítrekar stofnunin að það væri kostur ef unnt er að bæta úr því samfara lagningu nýrrar lagnar. Einnig er mikilvægt að stuðlað verði að góðri umgengni við fódurstöðvar. Umhverfisstofnun ítrekar að ekki er verið að fjalla um umhverfisáhrif fiskeldis í ofangreindri umsögn, því þarf að taka út texta um slíkt á bls. 17.

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson

Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur